


Mýrargata verður nú þjónustugata fyrir höfnina en ekki tengigata og þarf því ekki að fjarlægja eins mörg hús og gert var ráð fyrir í skipulaginu frá 1967. Þessi fremst til vinstri eiga þó samt að fara.

innar í SV, verði sú skerðing umfram ákveðið mark.

Fossvogsbraut óákveðin

Fossvogsbraut, sem er í framhaldi af Hlíðarfótavegi, hefur enn ekki verið felld niður á kortum, enda lagt til að ákvörðun um breytingu á braut á mörkum kaupstaðanna í Fossvogsdal verði skotið á frest. En í gildi er samkomulag milli Reykjavíkur og Kópavogskaupstaðar þar sem ákveðið er að Fossvogsbraut verði ekki lögð nema með samþykki beggja. Frestinn átti að nota til að endurskoða umferðarkerfi höfuðborgarsvæðisins, sérstaklega til athugunar á nauðsyn Fossvogsbrautar, með hvaða hætti mætti gera hana svo úr garði að hún valdi sem minnstri röskun á umhverfi Fossvogsdals, ef nauðsynlegt reynist að leggja hana, og athugun á samtenginu útivistarsvæðanna í dalnum báðum megin, skógræktarstöðvar Skógræktarfélags Reykjavíkur og útivistarsvæðis í landi Lundar. Enn eru menn ekki sannfærðir um að hægt verði að fella niður brautina, eins og hún var fyrirhuguð. Valkostir yrðu þá kannski þeir að auka mjög umferð um Bústaðaveg, sem fer í gegnum íbúðahverfi, eða gera sex akreinar á Miklubraut, sem ekki getur þó orðið alla leið, í vestur vegna byggðar.

Eitt af meginverkefnum við endurskoðun Aðalskipulags Reykjavíkur hefur verið gerð nýrrar umferðarspár fyrir Reykjavík. Hefur í Þróunarstofnun verið gert til þess reiknilíkan af umferð bifreiða á höfuðborgarsvæðinu, sem er litið á sem eina heild. Í reiknilíkaninu má rannsaka umferðarlegar afleiðingar mismunandi landnotkunar og gatnakerfa. T.d. hefur verið rannsakað, hvaða afleiðingar það hefði í för með sér fyrir umferðina að sleppa Fossvogsbraut úr gatnakerfi Reykjavíkur. En það mál liggur sem sagt ekki enn ljóst fyrir, og því er Fossvogsbraut enn á kortum, eins og verið hefur síðan síðasta aðalskipulag var gert.

Þess má geta hér, að í umferðarspá aðalskipulags Reykjavíkur 1975—1995 er gert ráð fyrir að fólksbílar á hverja 1000 íbúa verði 466 árið 1995, en þeir voru 305 í árslok 1975 í Reykjavík. Fólksbílar á höfuðborgarsvæðinu verða þá um 73.000 árið 1995 (miðað við 157.000 íbúa á höfuðborgarsvæðinu), en þeir voru 36.000 í árslok 1975. Umferð fólksbíla er um 80% af heildarumferð og eru vaxandi hluti af umferðinni.

Nýjar aðalbrautir

Í tillögu skipulagsnefndar er lagt til að gerð verði ný stofnbraut milli Suðurlandsvegar og Vesturlandsvegar. Og hvað nýjum tengibrautum viðvíkur, þá er lagt til að Klapparstígur og Vitastígur komi í stað Frakkastígs, Vonarstræti í stað Kirkjustrætis, framhald Tryggvagötu verði tengibraut, en það yrði þá ný gata milli Mýrargötu og Nýlendugötu, Og loks að Stekkjarbakki, milli Álfabakka og framhalds Fossvogsbrautar, verði tengibraut.

Á nýjum byggðasvæðum er bætt við 4 nýjum tengibrautum og tekin frá svæði fyrir stofnbraut og tengibrautir, sem álitið er að þurfi að koma eftir næsta skipulagstímabil. Auk þess er tekið frá landsvæði fyrir ónefnda stofnbraut frá Suðurlandsvegi við Rauðavatn austan við Breiðholtsbyggð til suðurs.

Ofanbyggðavegur

Þessi vegur, sem kallaður hefur verið til bráðabirgða Ofanbyggðavegur, kemur af Suðurlandsveginum við Rauðavatn og tekur sveig til vesturs hjá hesthúsunum. Síðan sveigir hann aftur til suðurs við Breiðholtsbyggðina og fer að austanverðu við Breiðholt II.

Háaleitisbraut ekki lengri

Inni í borginni er nú lagt til að ýmsum fyrri áformum um tengibrautir verði breytt eða þau felld niður. Má þar nefna:

Samfelld tengibraut um Kirkjustræti, Amtmannsstíg og Grettisgötu, sem áformað var, að breytist þannig að hver þessara gatna um sig verður að safngötu eða húsagötu. Þá er hætt við að gera Frakkastíg að tengibraut.

Fyrirhuguð Dalbraut milli Sundlaugavegar og Holtavegar, neðan við Laugaráshúsin, er felld út og Dalbrautin þaðan og út á Kleppsveg verður ekki gerð að tengibraut eins og ætlazt var til fram að þessu.

Háaleitisbraut er felld út milli Bústaðavegar og Fossvogsbrautar. Flókagata verður ekki tengibraut milli Lönguhlíðar og Snorrabrautar, eins og áformað hafði verið.

Framhald Breiðholtsbrautar, austur fyrir Breiðholt III, fellur alveg niður. Og ónefnd tengibraut í Breiðholt II er líka alveg felld niður.

Þá eru ónefndar tengibrautir í Borgarmýrarhverfi og Lónsbraut alveg felldar niður sem tengibrautir.

Loks má geta þess, að hætt hefur verið við brautina, sem einu sinni var gert ráð fyrir að lægi upp Elliðaárdalinn, en kapp var lagt á að losna við hana til að halda þessu útivistarsvæði friðsælu, en Höfðabakki mun liggja á brú yfir árnar og tengja saman Árbæjarhverfi og Breiðholtin.

Hér hefur í stórum dráttum verið gerð grein fyrir þeim breytingum, sem Skipulagsnefnd Reykjavíkur leggur til að gerðar verði á áður samþykktu aðalgatnakerfi Reykjavíkur, þ.e. stofnbrautum og tengibrautum. Á meðfylgjandi korti munu menn geta áttað sig á aðalgatnakerfinu eins og lagt er til að það verði á næstu 20 árum.

„Laundóttirin"
eftir Morten Korch

KOMIN er út þýdd skáldsaga, „Laundóttirin", eftir Morten Kroch. Er það önnur bók höfundar, sem þýdd hefur verið á íslenzku.

Á kápusíðu segir m.a.: „Laundóttirin hefur orðið ákaflega vinsæl í heimalandi höfundar og selst þar í stórum upplögum. Hér er líka um frábæra sögu að ræða, bæði spennandi og hugþekka. Hún segir frá óðalsbóndanum Kláusi Munk og baráttu hans við að halda erfðalandi sínu óskiptu. Hann er ókvæntur eftir því sem bezt er vitað, en ýmislegt kemur á daginn áður en sögunni lýkur og m.a. að hann á laundóttur."

Ólafur H. Einarsson íslenzkaði bókina. — Útgefandi er Sögusafn heimilanna.

BRAUN

Hérmeð tilkynnist að BRAUN AG, Kronburg, V-Þýzkalandi, hefur veitt okkur undirrituðum einkaumboð á Íslandi fyrir neðangreindar framleiðsluvörur sínar:

Leifturlampa
Sýningarvélar fyrir skyggnur
Nizo kvikmyndatökuvélar
Kvikmyndasýningarvélar

Höfum fyrirliggjandi 5 gerðir af þessum heimsþekktu leifturlömpum.
BRAUN hefur leifturljós fyrir alla, jafnt byrjandann sem atvinnumanninn.
Þá höfum við fyrirliggjandi hina frábæru D-300 sýningarvél fyrir skyggnur

Lítið inn til okkar og skoðið BRAUN vörurnar

HANS PETERSEN HF
BANKASTRÆTI S 20313 GLÆSIBÆ S 82590

Jólamarkaður — Jólamarkaður

Aðventukransar — Aðventukransaefni
Mikið úrval þurrskreytinga.



Kertamarkaður — Pottaplöntumarkaður
Fallegar ódýrar jólastjörnur.

GARÐSHORN
Við Reykjanesbraut
Fossvogi
Sími 40500

OPIÐ ALLA DAGA
FRÁ KLUKKAN 10 TIL 22

Bílasýning
27. og 28. nóvember frá kl. 10⁰⁰-18⁰⁰
Ford
FORD UMBOÐIÐ
Sveinn Egilsson hf
SKEIFUNNI 17
SÍMI 85100